

Ed.

234. Tillaga til þingsályktunar

um álagning og greiðslu tekjuskatta.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að afla gagna um fyrirmæli þau, sem ýmist hafa verið gefin eða ráðgerð eru í Bandríkjum Norður-Ameríku, Kanada og Englandi, í þá átt, að skattar af tekjum séu á lagðir og goldnir þegar á sama ári og teknanna er aflað. Skal athugað, hvort fært þykir að lögfesta slíkt fyrirkomulag hér á landi og leggja árangur þeirrar athugunar fyrir Alþingi svo fljótt sem unnt er.

Greinargerð.

Í löndum þeim, sem Ísland nú hefur ein skipti við, ríkir ótti um, að í stríðslok eða um það bil muni tekjur manna mjög minnka frá því, sem nú er. Gera menn ráð fyrir, að ef svo fer, verði erfitt að heimta inn á síðara ári skatta, reiknaða af tekjum næsta árs á undan, er þær voru miklu hærri en þegar heimta á inn skattana. Þess vegna hafa menn nú þegar tekið upp þann hátt í Bandaríkjunum og Kanada að reikna út skatta af tekjum þegar á sama ári og teknanna er aflað og innheimta skattana síðan jafnóðum. Ríkisstjórnin brezka mun og nýlega hafa borið fram tillögur um, að sami háttur verði tekinn upp þar í landi. Mun fyrirkomulagið þó vera nokkuð sitt með hverjum hætti í hverju þessara landa um sig.

Ljóst er, að erfitt er að koma þessu við þar, sem stighækkandi skattar eru, og þá ekki sízt þar, sem hækkunin er jafngífurleg og hér á landi. En fullyrða má, að hvergi sé þó þörfin brýnni en hér, þar sem gjaldgeta manna til skattgreiðslu hvílir hvergi á ótryggari undirstöðum en hér.

Heimildin, sem í vor var veitt sveitarfélögum til að byrja innheimtu á útsvörum, reiknuðum af tekjum síðasta árs, þegar á fyrri hluta þessa árs, áður en útsvarsálagningu var lokið, var spor í rétta átt, er hefur gefið mjög vel, og er sjálfsgagt að veita sömu heimild á ný, ef enn betri skipun verður eigi fundin. En hinar erlendu þjóðir hafa ekki látið sér þetta nægja, heldur, sem sagt, sett reglur um greiðslu skattanna alveg jafnóðum og þeirra er aflað.

Hæstvirt ríkisstjórn á hægast með að afla um þetta nauðsynlegra gagna, og er því hér lagt til, að deildin skori á hana að gera svo og leggja síðan hið bráðasta árangurinn af athugunum sínum fyrir þingið.